

Fimmtudaginn 14. febrúar 1991.

Nr. 19/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni,

Helga Magnússyni,

Páli Braga Kristjónssyni og

Ragnari Kjartanssyni.

Áfrýjun. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður fer með mál þetta fyrir Hæstarétti sem sérstakur ríkissaksóknari samkvæmt 22. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Hinn 17. desember 1990 áfrýjaði hinn sérstaki ríkissaksóknari til Hæstaréttar dómi saka-dóms Reykjavíkur 5. júlí sama ár í máli ákærvaldsins gegn 17 mönnum, en þó aðeins að því er varðar Björgólf Guðmundsson, Helga Magnússon, Pál Braga Kristjónsson og Ragnar Kjartansson. Segir í áfrýjunarstefnunni, að krafist sé sakfellingar eftir ákæru og refsíákvörðunar, að því er varðar Ragnar Kjartansson, en refsíþyng-ingar, að því er varðar hina mennina þrjá. Þá er þess krafist í áfrýj-unarstefnunni, að Helgi Magnússon verði sviptur réttindum löggilts endurskoðanda.

Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Hinn sérstaki ríkissaksóknari hefur mótmælt þessari kröfu. Um þetta atriði hefur farið fram munnlegur málflutningur.

Frávísunarkröfurnar eru á því byggðar, að áfrýjunarstefna hafi ekki verið gefin út innan þess frests, sem tilgreindur er í 2. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974, þar sem segir meðal annars:

„Ríkissaksóknari skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur....“

Það er fram komið, að héraðsdómur í máli þessu, sem gekk 5. júlí 1990, sem fyrr segir, var kveðinn upp að viðstöddum fulltrúa sérstaks ríkissaksóknara, sem þá var, svo og að viðstöddum verj-

endum ákærðu og sumum þeirra sjálfum. Það er einnig fram komið, að á þessu dómþingi fengu fulltrúi sérstaks ríkissaksóknara og verjendur ákærðu í hendur endurrit dómsins að hluta. Var þar um að ræða þann hluta hans, sem hefur að geyma niðurstöðu saka-dóms, þar á meðal dómsorð, en dómurinn að öðru leyti barst sér-stökum ríkissaksóknara 14. desember sl. Skjöl, sem fram höfðu verið lögð í sakadómi, og endurrit þinghalda í þeim rétti höfðu borist honum og verjendum ákærðu fyrir dómshugsunardag.

Því er fram haldið af hálfu ákærðu, að við þessar aðstæður beri að skýra upphaf 2. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 þannig, að sér-stakur ríkissaksóknari hafi átt að kveða á um áfrýjun innan þriggja mánaða frá dómshugsunardegi. Saksóknarinn telur hins vegar, að orðin séu ótvíræð og að hann hafi haft þrjá mánuði frá 14. desember til að ákveða, hvort áfrýja skyldi.

Sá hluti héraðsdóms, sem ekki var afhentur fyrr en 14. desember, hefur að geyma frásögn af atriðum, sem sérstökum ríkissaksóknara voru kunn með öðrum hætti. Var því ekki, ef eigi er litið til laga nr. 74/1974, nauðsynlegt vegna málsefnisins að láta ákvörðun um áfrýjun bíða eftir afhendingu þessa hluta dómsins. Hin almenna sakhraðaregla íslensks réttarfars, sem m.a. kemur fram í 138. gr. laga nr. 74/1974, leiðir og til þess, að hraða bar ákvörðun um áfrýjun. Það ber og að sama brunni, að meðferð máls ákærvaldsins gegn ákærðu hefur tekið langan tíma. Ber þá að líta til þess, að sá tími verður reiknaður að minnsta kosti frá því, að ákærðu voru hnepttir í gæsluvarðhald vorið 1986, sbr. H.1986, 205, 907, 910 og 914. Af hálfu ákærðu er á því byggt, að unnt sé að skýra áðurgreint ákvæði um þriggja mánaða frest svo, að upphaf hans hafi verið 5. júlí 1989, og að þá skýringu beri að velja meðal annars með hliðsjón af 6. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsi (Mannréttindasáttmála Evrópu), sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954 í A-deild Stjórnartíðinda. Þá er enn fremur talið af hálfu ákærðu, að þennan skýringarkost beri að taka með hliðsjón af því, að brotið sé gegn meginreglu í íslenskum rétti um jafnræði í þeim ákvæðum laga nr. 74/1974, sem ætla dómþola að forfallalausum tveggja vikna frest frá birtingu dóms til að taka ákvörðun um áfrýjun, sbr. 2. mgr. 177. gr. laganna, en ríkissaksóknara þann þriggja mánaða frest, sem fyrr greinir.

Vafalaust er, að með orðinu dómssgerðum í 179. gr. laga nr. 74/1974 er átt við safn allra skjala í máli og endurrita þess, sem bókað hefur verið um það í bækur dómstóls. Er þessi merking helguð af venju, enda er frá slíku gagnasafni gengið þannig, að tryggt á að vera, að það stafi frá dómstólnum og að þar komi allt til skila, sem þar á að vera. Ef sá kostur er valinn að telja frest sérstaks ríkissaksóknara til að áfrýja þessu máli hafa hafist 5. júlí 1990, er því gengið gegn skýringu ákvæðisins eftir orðanna hljóðan, sem tíðkanleg hefur verið. Áfrýjunarstefna var, sem fyrr greinir, gefin út 17. desember, þremur dögum eftir að sérstökum ríkissaksóknara bárust dómssgerðirnar. Þó að málarekstur gegn ákærðu hafi tekið langan tíma og alllangt hafi verið liðið frá dómssuppsögu, þegar áfrýjun var ráðin, getur þetta ekki leitt til þess, að upphafsákvæði 2. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 verði skýrt gegn orðanna hljóðan. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, að ríkissaksóknara er enn í lögum ætlaður lengri tími en dómfellda til að segja til um áfrýjun, meðal annars af þeirri ástæðu, að ríkissaksóknara er almennt ætlað að hafa málstað dómfelldra manna í huga við ákvörðun sína.

Af framanskráðu leiðir, að frávísunarkröfur ákærðu verða ekki teknar til greina.

Verjendur ákærðu hafa auk frávísunar krafist málsvarnarlauna. Verða þær kröfur metnar á síðara stigi málsins.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkröfur ákærðu, Björgólfs Guðmundssonar, Helga Magnússonar, Páls Braga Kristjánssonar og Ragnars Kjartanssonar, eru ekki teknar til greina.